



Fjölmenningsdagur Fjölmenningsþing

Kynning
Fjölmenningsráð
8. mars 2021



Fjölmenningardagur 2009-2017

- Reykjavíkurborg kemur fyrst að verkefninu árið 2009.
- Fjölmenningardagurinn haldinn í maí mánuði
- Árið 2009 til ársins 2015 var hátíðin haldinn í Ráðhúsi, Iðnó og Tjarnarbíói en vegna mikilla þrengsla á hátíðinni var atburðurinn færður í Hörpu árið 2016.
- Á árunum 2016 og 2017 voru gestir á milli 15 til 20 þúsund manns.
- Verkefnið alfarið unnið af starfsfólki mannréttindaskrifstofu.
- Beinn kostnaður áætlaður ein milljón.





Hugmyndafræði og áherslur breytast

Þátttakendur á fjölmeningarþingi 2017 voru spurðir í stuttri könnun hvort þeir teldu núverandi fyrirkomulag fjölmeningardagsins endurspegla nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Af þeim (25 af 53) sem svöruðu eða 47% töldu fjölmeningardaginn ekki vera að ná tilætluðum markmiðum í núverandi mynd eða töldu sig ekki vita hvort svo væri.

Þá töldu (40 af 53) eða 75% ástæðu til að beina frekar kröftum og fjármagni í að styðja við þátttöku innflytjenda í öðrum viðburðum og hátíðum borgarinnar.

2010

Markmiðið með hátíðahöldunum er að fagna þeirri fjölbreyttu menningu sem borgarsamfélagið býður upp á. Yfirskrift Fjölmeningardags Reykjavíkurborgar að þessu sinni er: *Reykjavík – borg fjölbreytni og gleði*. Glæsileg dagskrá er í boði sem miðar að því að allir fái notið sín og fjölmeningin blómstri.

2017

Fjölmeningardagur Reykjavíkur endurspeglar ákveðin velvilja í garð fjölbreytni og fjölmeningar. Hætta er þó á að núverandi áherslur dagsins ýti undir einsleitar staðalímyndir innflytjenda. Áherslur fjölmeningardags hafa að miklu leyti einskorðast við þjóðleg formerki s.s. búninga-, dans- og matarmenningu ákveðinna hópa.



Hvað og hvernig?

- Haustið 2017 er lagt til að fjölmeningardagur verðir færður til menningar og ferðamálasviðs og er MOF falið er veita borgarráði umsögn um slíkt á fundi ráðsins 13. nóvember 2017.
- Á fundi mannréttindaráðs þann 13. mars 2018 var eftirfarandi tillaga samþykkt; Mannréttindaráð samþykkir að fjölmeningardagur Reykjavíkur verði haldinn ágúst/september ár hvert í stað viðburðar í maí. Nýju mannréttindaráði og fjölmeningarráði falið að útfæra hugmyndir að viðburðinum.
- Fjölmeningarráð leggur fram tillögu í september 2018 að mannréttindaskrifstofa hefji undibúning að viðburði sem endurspegli margbreytileika í anda “ En by for alle” í Kristjansand.
- Fulltrúi frá Kristjansand kemur og kynnir verkefnið í janúar 2019. Ekki næst samstaða til að halda slíkan viðburð.
- Ekki verið haldið frá vori 2018 – óvíst um framhaldið



Fjölmenningarþing

Fjölmenningarþing haldin
árið 2010 , 2012, 2014,
2017 og 2018





Niðurstöður gefnar út og kynntar

- Niðurstöður kynntar fyrir öllum fagráðum eftir að þingin voru haldin.
- Ábendingar sendar til stofnana ríkisins um hvað mætti betur fara.
- Árið 2020 var þingið ekki haldið vegna Covid.





Umræður og vangaveltur

Fjölmenningardagur

Er ástæða til að halda slíkan viðburð?

Hvernig gerum við fjölmenningu sýnilegri í viðburðum borgarinnar.

Er hægt að kortleggja þátttöku innflytjenda í menningu betur?

Hvað vill fjölmenningasamfélagið?

Fjölmenningaþing

Á að tengja þennan viðburð fundi borgarstjórnar með fjölmenningarráði.

Á aðeins að ræða málefni borgarinnar?

Á að fá fleiri aðila til að koma með borginni í slíkt samtal t.d. með því að halda innflytjendaþing ásamt ríki?

Hvernig væri hægt að tengja samtalið við þau málefni sem brenna á innflytjendum?